

Mánudaginn 15. maímánaðar.

Nr. 10/1893:

Rjettvísín

gegn

Jóni Ögmundssyni.

## D ó m u r:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 25. febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði Jón Ögmundsson með skýrskotun til 253. gr. hegningarlaganna, 232. gr. 1. málsliðs, 233. gr. 2. málsliðs og 238. gr., saman bornum við 63. gr., dæmdur til að sæta »hegningarvinnu« í 7 ár, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, og í skadabætur til Sigurðar Guðmundssonar 9 kr. og Jóseps Jónssonar 28 kr. 10 a.

Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að þegar ákærði, sem hafði verið látinn laus úr hegningarhúsinu hjer í Reykjavík 25. júlí f. á., eptir að hafa úttekið þar fangelsishegningu við vatn og brauð fyrir skjalfölsun og þjófnað, og verið síðan í kaupavinnu austur á Skeiðum, var hjer á ferð eptir miðjan septembermánuð f. á., tók hann á leiðinni hjeðan úr bænum sudur í Hafnarfjörð 10 kindur, sem fyrir honum urðu á leiðinni, efst á Öskjuhlíð og í Fossvogi, 4 ær og 6 lömb, og rak þær til Hafnarfjarðar og seldi þær þar ýmsum, og nefndi hann sig þá Bjarni Sigurðsson, og kvaðst vera frá Sandvík í Flóa; fjekk hann fyrir kindurnar samtals 39 kr. 50 aura, sumpart í peningum, sumpart út úr búð, og 2 pd. af kaffi og 4 pd. af sykri. Það sem hann keypti

fyrir peningana, er hann fjekk fyrir kindurnar, svo og úttekt sína úr búð út á þær, fór hann með austur þangað, sem hann hafði verið í kaupavinnu um sumaríð og gaf margt af því, en seldi sumt, en sumu var enn ófargað, þegar hann var tekinn fastur. Af kindunum hefur að eins 2 lömbum verið skilað aptur eigendunum, um þrjár af þeim var ókunnugt, hver þær átti, en endurgjalds hefur verið krafizt fyrir 3 lömb og 2 ær, að undanteknum gærunum, sem eigendurnir hafa fengið. Þegar ákærði var búinn að selja kindurnar í Hafnarfirði, fór hann aptur til Reykjavíkur og stal þá hnakki og beizli, sem hann hafði sjeð úti undir húsvegg í Grænuborg, þegar hann fór þar hjá, og sömu-leiðis tók hann þá hest bleikskjóttan, sem Guðbrandur konsúll Finnbogason átti, sem var þar í högunum rjett hjá Grænuborg, lagði á hann hnakkinn og beizlið og reið honum alla leið austur á Skeið. Þegar austur var komið sleppti hann hestinum, og er hann kominn í hendur eigandanum, en hann hefur krafizt þess, að ákærða verði hegnt fyrir tiltækið. Hnakkurinn og beizlið, sem ákærði reyndi að selja fyrir austan á 12 kr. hvorttveggja, en gat ekki, er einnig komið til eigandans aptur. Loks er það sannað, að ákærði um þetta sama leyti stal einum sokkum, þar sem hann var nætursakir eina nóttina, sem hann dvaldi í Reykjavík, en ekki hefur verið krafizt endurgjalds fyrir sokkana, þó að þeir hafi ekki komið fram.

Hinn ákærði, sem er 24 ára gamall og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, hefur áður fleirsinnis verið dæmdur og sætt hegningu fyrir lagabrot. 1. með aukarjettardómi Húnavatnssýslu 9. okt. 1888 var hann dæmdur í 9 mánaða betrunarhússvinnu fyrir stórpjóf-

að, einfaldan þjófnað og svik; 2. með landsyfirrjettardómi 9. septbr. 1889 var hann dæmdur í 8 mánaða betrunarhússvinnu sem hegningarauka samkvæmt 65. gr. fyrir skjalafölsun; 3. með aukarjettardómi Árneshóls 13. jan. f. á. í 18 mánaða betrunarhússvinnu, fyrir skjalafals og þjófnað á hrossi; og 4. með aukarjettardómi Reykjavíkur 7. júní f. á. sem hegningarauka samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna, fyrir stórþjófnað og skjalafals, í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot ákærða, sem að framan er lýst, heyra undir 233. gr., 1. og 2. lið, og 238. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau, með hlidsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 4 ára betrunarhússviðna. Hvað ídæmdar skadabætur eða iðgjöld snertir, virðist eigi rjett að dæma Jósep Jónsyni undir þessu máli endurgjald fyrir ferðir og frátafir út af þjófnaðinum, og ber því að færa niður iðgjöldin til hans um 10 kr. Hinum ákærða ber að greiða allan af málinu gegn honum bæði í hjerði og fyrir yfirdómi svo og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, að undirdómarinn hefur eigi látið fylgja málinu útskrift af öllum hegningardómum þeim, er áður hafa gengið yfir ákærða, og sjerstaklega af aukarjettardómi Húnavatnssýslu 9. okt. 1888. Að öðru leyti hefur rekstur málsins af undirdómaranum verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 4 ára betrunarhússvinnu. Hann greiði í iðgjöld til Sigurðar Guðmundssonar í Skildinganesi 9 kr. og til Jóseps Jónssonar á Suðurklöpp 18 kr. 10 a. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði fyrir undir- og yfirdómi og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 8/1893:

Hið opinbera  
gegn  
Stefáni Árnasyni.

#### D ó m u r:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu 29. ágúst f. á. var hinn kærði Stefán bóndi Árnason á Höfðabrekku dæmdur sýkn af kæru hins opinbera fyrir æðarfugla-dráp, en skyldaður til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað samkvæmt úrskurðuðum reikningi. Dómi þessum hefur eptir ósk kærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Mál þetta er svo til komið, að vinnumaður kærða